



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 16.12.2008

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., 218. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) fagna framkomu þessa frumvarps sem felur í sér endurskoðun á ákvæðum laga um Ríkisútvarpið ohf. sem miða að því að gera starfsemi félagsins gagnsærri og bæta samkeppnisumhverfi fjölmiðla.

Minnt er á umfjöllun Alþingis um eldri frumvörp til laga um starfsemi Ríkisútvarpsins, þ.e. um Ríkisútvarpið sf. á árinu 2005, Ríkisútvarpið hf. snemma á árinu 2006 og Ríkisútvarpið ohf. haustið 2006, sbr. umsagnir SA um þau þingmál með bréfum dags. 28.04.2005, 15.02.2006 og 31.10.2006. Í öllum tilvikum hafa umsagnir SA helgast af því markmiði að tryggja eðlilegt jafnfræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri, en krafa um slíkt er í samræmi við stefnumið SA um atvinnurekstur almennt.

Umfjöllun SA hefur byggst annars vegar á reglum EES-samningsins um ríkisaðstoð (59. og 61. gr.) ásamt túlkunarreglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð vegna útvarpsþjónustu í almannabágu og hins vegar á ákvæðum samkeppnislaga. Þrátt fyrir breytingar á lagaákvæðum með fyrrgreindum frumvörpum, sem að mestu horfðu til bóta, var í öllum tilvikum niðurstaðan sú að enn skorti á að frumvörpin tryggðu eðlilegt jafnfræði milli opinberra aðila og einkaaðila í útvarpsrekstri.

Fyrir liggur að fjármögnun RÚV felur að hluta í sér ríkisstyrk í skilningi EES-samningsins, hvort sem átt er við afnotagjöld eða nefskatt sem brátt mun leysa þau af hólmi. Meðal skilyrða þess að slíkur styrkur geti talist samþýðanlegur ákvæðum EES-samningsins er að hann sé einungis nýttur til að greiða kostnað af þjónustu í almannabágu, krafa um slíka þjónustu sé vel skilgreind og að hún hvíli ótvírætt á RÚV. Var það í öllum tilvikum niðurstaða SA að skilgreining á þjónustu í almannabágu væri ekki nægjanlega skýr og að skortur væri á að mælanlegar kröfur væru settar fram um opinberar þjónustuskyldur RÚV. Jafnframt skorti á að í lögnum væri skýrt kveðið á um að óháður aðili annaðist eftirlit með því að RÚV sinnti opinberum þjónustuskyldum í samræmi við opinbera fjármögnun.

Auk þess sem lagarammi um Ríkisútvarpið hefur lengi verið til rannsóknar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, sem að því er virðist hefur átt erfitt með að leggja blessun sína yfir hann, skal minnt á nýlegt álit Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 frá 14. nóvember sl., *Samkeppnishömlur sem stafa af stöðu og háttsemi Ríkisútvarpsins á markaði fyrir sölu auglýsinga í ljósvakamiðlum*. Niðurstaðan þar er m.a. sú að háttsemi RÚV á auglýsingamarkaði raski samkeppni. Ljóst sé að fullur samkeppnislegur jöfnuður náist ef RÚV hverfi af auglýsingamarkaði og starfsemi



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þess yrði alfarið kostuð af opinberri fjármögnun, en slík aðgerð gæti með hliðsjón af núverandi efnahagsástandi stuðlað að því einkareknir ljósvakamiðlar gætu starfað áfram, auk þess að tryggja valkosti almennings á sviði fjölmiðlunar. Telji menntamálaráðherra og/eða löggjafinn ekki tækt að RÚV hverfi af markaði fyrir sölu auglýsinga í útvarpi, telur Samkeppniseftirlitið þó mikilvægt að verulega verði dregið úr umsvifum félagsins á markaðnum og því settar skýrar reglur sem takmarki umrædda starfsemi þess. Samtök atvinnulífsins lýsa stuðningi sínum við þetta álit Samkeppniseftirlitsins og hvetja Alþingi til að hafa það til hliðsjónar við breytingu á lögnum.

Samtök atvinnulífsins telja að 1. gr. frumvarpsins sé til bóta, enda líta þau svo á að markmið hennar sé að skilgreina betur og afmarka almannþjónustuhlutverk RÚV. Því er jafnframt fagnað að gert er ráð fyrir að í samningi menntamálaráðherra við RÚV skuli m.a. vera ákvæði um reikningsskil og aðskilnað í bókhaldi, mat á kostnaði við rekstur almannþjónustu og eftirlit með ráðstöfun ríkisstyrks til útvarpsþjónustu í almannabágu. SA telja engu að síður að skilgreining á útvarpsþjónustu í almannabágu sem fram kemur í 2. mgr. 3. gr. laganna sé of almenn og víðtæk, sbr. m.a. 6. tl., og er ástæða til að afmarka hið opinbera þjónustuhlutverk nánar, skilgreina betur hvers eðlis slíkt útvarps- og sjónvarpsefni skuli vera og takmarka afþreyingarefni með hliðsjón af framboði annarra ljósvakamiðla á slíku efni.

Samtök atvinnulífsins lýsa sig mótfallin þeirri breytingu sem felst í d-lið 3. gr. frumvarpsins að fella brott það ákvæði að RÚV sé óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á veraldarvefnum. Telja SA að slíkar auglýsingar séu m.a. til þess fallnar að styrkja mjög stöðu RÚV á auglýsingamarkaðnum og því í andstöðu við markmið frumvarpsins um bætt og jafnara samkeppnisumhverfi á markaði ljósvakamiðla.

Á meðan ekki eru talin skilyrði fyrir því að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði telja SA það til bóta að skapa umgjörð sem takmarkar þátttöku RÚV á þeim markaði, sbr. 4. gr. frumvarpsins. SA telja þó að ákvæði greinarinnar ættu ekki einungis að taka til sjónvarpsauglýsinga heldur einnig auglýsinga í hljóðvarpi, sbr. umfjöllun um það efni í fyrrnefndu álit Samkeppniseftirlitsins.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson, hagfræðingur